

Fundargerð

128. stjórnarfundur 27. september 2021

Fundarmenn: Hjördís Sigursteinsdóttir, Guðmundur Kristján Óskarsson, Auðbjörg Björnsdóttir, Helgi Freyr Hafþórsson, Stefán Guðnason, Ingibjörg Sigurðardóttir, og Margrét Elísabet Ólafsdóttir

1. Fundargerð nr. 127 var samþykkt án athugasemda.
2. Vinnumatssjóður. Formaður sagði stjórnarmönnum frá því helsta sem gerst hefur varðandi vinnumatssjóð. Rektor skipaði nefnd til að fara yfir málið en þó ekki með þeirri samsetningu sem samþykkt hafði verið í háskólaráði. Stjórn FHA lagði til að skoða með að fá Sigrúnu Sveinbjörnsdóttur eða Ólínu Freysteinsdóttur inn í nefndina. Mikilvægt að sjónarmið FHA fái að heyrast hjá nefndinni.
3. Skipan fulltrúa FHA á háskólafund. Stjórn FHA samþykkti að skipa Helga Frey Hafþórsson sem fulltrúa FHA á háskólafund.
4. Skipan fulltrúa FHA í siðanefnd til tveggja ára. Stjórn samþykkti að leita til Nönnu Ýrar Arnarsdóttur og fól formanni að ræða við hana.
5. Varamenn í samstarfsnefnd FHA. Á aðalfundum FHA hafa ekki verið kosnir varamenn í samstarfsnefnd FHA. Formanni var falið að skoða hvort breyta þyrfti lögum FHA til að slík verði geranlegt eða hvort stjórn FHA geti tilnefnd varamenn.
6. Önnur mál. Ekkert var rætt undir þessum lið.

Fleira var rætt og fundi slitið kl. 13.10

Hjördís Sigursteinsdóttir ritaði fundargerð